

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

AUKAFUNDUR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS
KJÖRTÍMABILID 2018-2022

Árið 2021, föstudaginn 7. maí kl. 9:00, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1.

Mættir í Álftaver: Karl Guðmundur Kjartansson og G. Birgir Ragnarsson. Ragnheiður Baldursdóttir, Jóhanna Kristjánsdóttir og Samúel Kristjánsson sóttu fund um fjarfundarbúnað.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri ritaði fundargerð. Samúel Kristjánsson oddviti setti fundinn, að gætri fundarboðun.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Fasteignir á Langeyri - kauptilboð.
2. Fundargerð skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar.
3. Samfélagssáttmáli um fiskeldi á Vestfjörðum.
4. Tilboð vegna þakskipta Holtagötu 5.
5. Kynning á samfélagssáttmála um fiskeldi á Vestfjörðum.

Afgreiðsla erinda:

1. Fasteignir á Langeyri – kauptilboð.
Tekið fyrir kauptilboð frá Tígur ehf. í efra húsið á Langeyri – Langeyrarveg 1-3.
Kauptilboð kr. 55.000.000.-
Sveitarstjórn samþykkir tilboðið samhljóða á þeim skilmálum sem fram koma í kauptilboði.
Sveitarstjóra falið að ganga frá kauptilboði og sölu eignar með fasteignasala.
2. Fundargerð 19. fundar skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar samþykkt samhljóða. Sveitarstjórn gerir fyrirvara við 1. lið fundargerðar varðandi byggingareit lóðar við Langeyrarveg 19 að allar teikningar liggi fyrir áður en tekin er afstaða til byggingaleyfis.
3. Samfélagssáttmáli um fiskeldi á Vestfjörðum.
Samþykktur samhljóða og sveitarstjóra falið að undirrita fyrir hönd Súðavíkurhrepps.
4. Tilboð vegna þakskipta Holtagötu 5.
Sveitarstjórn hafnar báðum tilboðum og sveitarstjóra falið að fá smið til að kanna ástand þaks.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:03

Ragnheiður Baldursdóttir

Jóhanna Kristjánsdóttir

G. Birgir Ragnarsson

Karl Guðmundur Kjartansson

Samúel Kristjánsson oddviti